


OECD *Multilingual Summaries* OECD Employment Outlook 2016

Summary in Icelandic



Read the full book on: 10.1787/empl_outlook-2016-en

Horfur í atvinnumálum innan OECD 2016

Útdráttur á íslensku

Atvinnuástand eftirhrunsáranna er loks á batavegi, en stjórnvöld þurfa að bregðast við lélegum starfsgæðum og ójöfnum tækifærum á vinnumarkaðinum

Horfur á vinnumarkaðinum halda áfram að batna í löndum OECD og gert er ráð fyrir að hlutfall vinnandi fólks á vinnualdri fari aftur upp í það stig sem var fyrir alheimsfjármálakreppuna árið 2017, nærri tíu árum eftir upphaf hennar. Afturbatinn er þó enn ójafn og atvinnuleysi er enn allt of mikið í verulegum fjölda ríkja OECD í Evrópu. Jafnvel í löndum þar sem slakinn á vinnumarkaðinum hefur verið tekinn upp er enn áhyggjuefni að gæði starfa eru lítil og tækifæri á vinnumarkaðinum ójöfn. Margir þeirra sem misstu atvinnuna í kreppunni miklu eru nú aftur komnir til starfa, en launavöxtur er lítill og vinnustreita er útbreidd. Margir þeirra sem misstu störf sín í framleiðslu- og byggingariðnaðinum í kreppunni hafa komist að því að færni þeirra og reynsla nýtast þeim ekki í þeim hærra launuðu störfum sem eru að verða til í þjónustugreinum.

Ungu fólk með litla færni, sem er hvorki í starfi eða námi, er hætt við að vera skilið eftir varanlega á vinnumarkaðinum

Þrátt fyrir almenn batamerki á vinnumarkaðinum eiga áhættuhópar, svo sem ungt fólk með litla færni sem hvorki er í vinnu, skóla eða verknámi (HVSU-hópurinn) á hættu að vera skildir eftir. Árið 2015 tilheyrðu 15% ungs fólks á aldrinum 15-29 ára í OECD löndum þessum hópi, örlítið fleiri en rétt fyrir alheimskreppuna árið 2007. Að meðaltali hafa 38% HVSU-hópsins á OECD svæðinu ekki lokið framhaldsnámi og það fólk er ólíklegt til þess að vera að leita sér atvinnu en þeir sem meiri menntun hafa (33% á móti 45%). Nærri þriðjungur HVSU-hópsins býr á atvinnuleysisheimilum (þ.e. heimilum þar sem enginn fullorðinn er í vinnu), sem bendir til þess að margir í þessum hópi búi bæði við lágar tekjur og takmörkuð atvinnutækifæri. Líklegt er að margir í þessum viðkvæma hópi muni þurfa sérstaka aðstoð til þess að bæta atvinnuhorfur sínar til langs tíma.

Hvernig færni er nýtt í starfi hefur áhrif á framleiðni, laun og starfsánægju, og atvinnurekendur og stjórnvöld ættu að gera meira til þess að stuðla að betri nýtingu á færni

Það að hvaða marki starfsfólk nýtir getu sína til að vinna úr upplýsingum í starfi ræður miklu um framleiðni, laun og starfsánægju. Í nýstárlegri greiningu á nýtingu færni – þar sem stuðst er við gögn frá meira en 25 löndum OECD, sem þátt tóku í könnun OECD á færni fullorðinna – er skjalfest mikilvægi nýtingar á færni og bent á ýmsa þætti sem gætu dugað til úrbóta. Einkum kemur fram að fylgni er milli framsækinna vinnutilhögunar, svo sem teymisvinnu, verkaskipta, kaupauka og sveigjalegs vinnutíma, og verulega bættrar nýtingar á færni í starfi. Alþjóðavæðing og hnattræn útvistun hafa einnig áhrif á nýtingu færni, en þau áhrif geta verið hvort heldur er jákvæð eða neikvæð, allt eftir stöðu fyrirtækja viðkomandi lands í virðisbættunum. Tilteknir vinnumarkaðsþættir, svo sem almennir kjarasamningar og lágmarks-laun, bæta einnig nýtingu færni í flestum tilvikum. Bent er á stefnumið til þess að bæta nýtingu á færni og þau skýrð með dæmum í einstökum löndum sem hafa skilað árangri.

Skiplagsumbætur geta leitt til fækkunar starfa til skamms tíma, en stjórnvöld geta gert ráðstafanir til að draga úr þessum fórnarkostnaði eða forðast hann alfarið

Breið samstaða er um það meðal hagfræðinga að skiplagsumbætur á vöru- og vinnumarkaði hafa jákvæð áhrif til langs tíma að meðaltali vegna þess að þær auka heildarhagkvæmni. Hins vegar geta slíkar skiplagsumbætur einnig haft í för með sér ákveðinn leiðréttingarkostnað á vinnumarkaði til skamms tíma. Ný greining gagna frá atvinnuvegum sýna að umbætur sem draga úr aðgangshindrunum og uppsagnakostnaði leiða til talsverðrar tímabundinnar fækkunar starfa, og það er staðfest af gögnum úr rannsóknum á þremur nýlegum umbótum á vinnumarkaðslöggjöf. Hins vegar hefur verið sýnt fram á að þessi skammtímafórnarkostnaður er minni, eða jafnvel enginn, þegar umbætur af þessum toga eru gerðar á tímum efnahagsuppsveiflu. Einnig er bent á stefnumörkun sem getur hjálpað til að draga úr starfatapinu, svo sem með því að sameina tilslakanir á reglum um ráðningar og uppsagnir við almenna kjarasamninga eða atvinnuleysisbætur.

Að brúa tekjubil kynjanna í nýhagkerfum er áfram mikilvæg áskorun

Þrátt fyrir fordæmislausar framfarir á undanfarinni öld er launamunur kynjanna enn þrálátur um heim allan og einkum er hann áberandi í nýmarkaðsríkjum. Þótt hlutfall starfa sem konur gegna hafi aukist eru konur enn í verri störfum en karlar. Dregin er upp mynd af launamun kynjanna í 16 nýmarkaðsríkjum, þar sem meira en helmingur mannkyns býr. Dregin er fram nýleg leitni á breiðu sviði atvinnumarkaðsmála og gerð grein fyrir helstu ástæðunum. Sér í lagi er sett fram greining á launamun kynjanna, sem er þrálátur um heim allan, og farið í saumana á aðskildum þáttum þessa munar. Á grundvelli þessara umfangsmiklu upplýsinga eru settar fram ýmsar stefnumörkunarleiðir til þess að draga úr launamun kynjanna.

© OECD

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fánlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)

2 rue André-Pascal, 75116

Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights



[Read the complete English version on OECD iLibrary!](#)

© OECD (2016), *OECD Employment Outlook 2016*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/empl_outlook-2016-en